

5. Náttúruverndarráð stuðlar að því í samráði við landeigendur og aðra, sem hlut eiga að máli, að sögulegum minjum sé við haldið.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 14. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Runólfur Þórarinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir pósthjónustu, nr. 337 6. ágúst 1976.

1. gr.

Grein nr. 14 4.1 í reglugerðinni orðist svo:

Burðargjöld fyrir blöð og tímarit eru ákveðin í gjaldskrá fyrir pósthjónustu.

Heimilt er að veita helmingsafslátt af burðagjaldi fyrir dagblöð, fréttablöð í landshlutum, blöð, sem landssamtök stéttarféлага gefa út og blöð, sem fjalla almennt um stjórnsmál, en fjórðungsaflátt fyrir tímarit og blöð, sem fjalla sérstaklega um bókmenntir og listir eða trúmál.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1979.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. gr. póstlaga nr. 31/1940 og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 217 25. maí 1979, um sama efni.

Samgönguráðuneytið 14. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um friðland í Búðahrauni, Snæfellsnessýslu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa þann hluta Búðahrauns á Snæfellsnesi sem tilgreindur er hér á eftir og með neðanskraðum reglum:

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Búðaós frá sjó og síðan girðing friðlandsins að austan og norðan allt að vesturmörkum lands Félags Snæfellinga og Hnappdæla (samkvæmt afsölum frá 1943, en þinglýst 26. janúar 1944). Síðan fylgja mörk friðlandsins þeim mörkum til sjávar, en eftir það ræður sjávarströnd að sunnan að Búðaósi.